

STARFSLEYFI

fyrir urðunarstað Sorpurðun Vesturlands h.f., í landi Fíflholta, Borgarbyggð

Gefið út af Hollustuvernd ríkisins í samræmi við ákvæði laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir

1. ALMENN ÁKVÆÐI

- 1.1 Starfsleyfi þetta gildir fyrir urðun úrgangsefna, allt að 15.000 tonnum á ári, á urðunarsvæði í landi Fíflholta fyrir Sorpurðun Vesturlands h.f., hér eftir nefnd rekstraraðili eins og nánar er kveðið á um í starfsleyfi þessu. Óheimilt er að brenna úrganginn
- 1.2 Fara skal þannig með allan úrgang til endurvinnslu, flutnings, förgunar eða annarrar meðferðar að tryggt sé að hann valdi hvergi ónæði eða óþrifnaði.
- 1.3 Rekstraraðili skal leita samráðs við Hollustuvernd ríkisins ef hún hyggst breyta núverandi starfsemi, til að gefa þessum stofnunum kost á að meta hvort fyrirhuguð breyting samrýmist ákvæðum starfsleyfis þessa.
- 1.4 Rekstraraðili skal upplýsa Hollustuvernd ríkisins eins fljótt og auðið er, komi til meiriháttar óhapps, t.d. bruna á urðunarstað við Fíflholt, ef mengunarefni berast út í umhverfið sem gætu stofnað heilsufari almennings í hættu og/eða valdið röskun lífríkis, eða komi til lengri stöðvunar reksturs við Fíflholt vegna ófyrirseðra atvika.
- 1.5 Verði á starfstímanum mengun af völdum starfsemi rekstraraðila við Fíflholt sem gæti stofnað heilsufari almennings í hættu og/eða valdið röskun lífríkis, skal rekstraraðili sjá um að koma í veg fyrir að mengunarefni haldi áfram að berast út. Rekstraraðila ber að hreinsa þá mengun sem hefur orðið eftir óhapp eða annað atvik, á sinn kostnað.
- 1.6 Verktakar sem annast verk fyrir rekstraraðila eða annan rekstraraðila á vegum hans við meðhöndlun úrgangs, t.d. flutning, skulu hafa öll tilskilin leyfi.
- 1.7 Rekstraraðili ber að tryggja að atvinnureksturinn sé með þeim hætti að allar viðeigandi mengunarvarnir séu viðhafðar, og til þess sé beitt bestu fánlegu tækni þar sem við á, sbr. skilgreiningu í gr. 3.2 reglugerðar nr. 785/1998 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun.
- 1.8 Einu sinni á ári boðar Hollustuvernd ríkisins fulltrúa rekstraraðila, fulltrúa Heilbrigðiseftirlit Vesturlands og fulltrúa viðkomandi heilbrigðisnefndar á samráðsfund. Á þessum fundum verði m.a. rætt um rekstur mengunarvarna,

niðurstöður umhverfismælinga, hugsanlegar breytingar á starfsleyfi þessu svo og önnur atriði er kynnu hafa komið upp og fulltrúar áðurnefndra aðila telji ástæðu til að ræða. Hollustuvernd ríkisins getur þó oftast boðið til samráðsfundar ef ástæða þykir til.

1.9 Rekstraraðili skal skrá eftirfarandi um urðunarstaðinn við Fífholt og senda í formi samantektar fyrir síðasta almanaksár til Hollustuverndar ríkisins og Heilbrigðiseftirlits Vesturlands fyrir 1. mars árið hvert:

- upplýsingar um rekstur hreinsimannvirkja. Hér er átt við magn og gerðir tilfallandi efna úr grófhreinsun og hvernig þeim er fargað
- sýnatökur og mælingar á mengunarefnum og hauggasi
- niðurstöður mælinganna
- magn og tegundir úrgangs sem berast urðunarstaðnum.

Séu ofangreindar upplýsingar að finna í ársskýrslu rekstraraðila má senda þær Hollustuvernd ríkisins og Heilbrigðiseftirlit Vesturlands í stað sérstakrar samantektar fyrir síðasta almanaksár. Upplýsingar þessar skulu þó vera aðgengilegar eftirlitsaðila hvenær sem er.

1.10 Með frágang urðunarsvæðis, eftirlit og mælingar á mengunarefnum eftir að starfsemi lýkur við Fífholt skal fara samkvæmt ákvæðum reglugerðar nr. 786/1999 um mengunarvarnaeftirlit eða annara laga og reglugerða þegar við á, undir yfirumsjón Hollustuverndar ríkisins.

1.11 Rekstraraðili setji sér umhverfismarkmið og starfi samkvæmt þeim á starfsleyfistímabilinu. Velja má staðlað umhverfisstjórnunarkerfi, t.d. ÍST EN ISO 14001:1996 eða þátttöku í umhverfismálakerfi ESB sbr. reglugerð nr. 321/1996, eða starfa samkvæmt grænu bókhaldi eða eigin kerfi.

2. ÚRGANGSEFNI TIL ENDURNÝTINGAR

2.1 Í samræmi við stefnu stjórnvalda um aukna endurnýtingu úrgangsefna skal rekstraraðili stuðla að úrgangsefni fari í viðeigandi endurvinnslu- eða endurnýtingarfarveg ef kostur er.

2.2 Rekstraraðili skal stuðla að upplýsingagjöf til almennings, fyrirtækja og stofnanna á þjónustusvæði hans um móttöku á endurvinnanlegum úrgangi, í samvinnu við viðkomandi sveitarfélög. Undir endurvinnanlegan úrgang fellur t.d. lífrænn úrgangur, svo sem matarleifar og sláturhúsaúrgangur, timbur, pappír og pappi, plast, brotamálmar, spilliefni og hættuleg efni.

2.3 Óheimilt er blanda spilliefnum saman við annan úrgang og er urðun þeirra óheimil. Þó má heimila urðun úrgangs sem flokkaður hefur verið sem spilliefni en inniheldur ekki spilliefni samkvæmt nánara mati á hættu úrgangsins. Slíkt leyfi er einungis veitt af Hollustuvernd ríkisins að höfðu samráði við Heilbrigðiseftirlit Vesturlands og viðkomandi heilbrigðisnefnd. Móttaka geislavirks úrgangs og sprengiefna er ávallt óheimil.

- 2.4 Rekstraraðila ber að tryggja að engin spilliefni séu í þeim úrgangi sem tekið er á móti til urðunar, sbr. þó gr. 2.3. Í því skyni skal rekstraraðili kanna reglulega úrgangsfarma sem berast urðunarstaðnum. Hann getur einnig krafist úrgangshafa um að leggja fram gögn, til staðfestingar á því að spilliefni séu ekki meðal þess úrgangs sem hann óskar eftir að verði urðaður. Meðferð á spilliefnum krefst sérstaks starfsleyfis.

3. URÐUNARSTAÐUR Í LANDI FÍFLHOLTA

- 3.1 Starfsleyfi þetta veitir heimild til að urða allan úrgang sem er meðhöndlaður, t.d. flokkaður og/eða rúmmálsminnkaður og sem ekki flokkast undir spilliefni samkvæmt ákvæðum reglugerða nr. 806/1999 um spilliefni og nr. 810/1999 um skrá yfir spilliefni og annan úrgang breytt með reglugerð nr. 184/2002, á sérstaklega útbúnum stað í landi Fíflholta, Borgarbyggð.
- 3.2 Úrgangur sem lagður hefur verið í urðunargryfju skal birgður samdægurs, sbr. gr. 1.2, 3.12 og 3.13 í starfsleyfi þessu.
- 3.3 Allt afhafnasvæðið skal girt girðingu, sem hindrar umferð manna og skepna. Hlið skulu einungis opin á þeim tímum sem urðun stendur yfir. Takmarka skal aðgang annarra að svæðinu en þeirra sem starfa á vegum rekstraraðila og eftirlitsaðila. Eftirlitsaðilar skulu tilkynna komu sína til vaktstjóra rekstraraðila hverju sinni.
- 3.4 Koma skal í veg fyrir fok á urðunarsvæðinu, og nota sérstakar girðingar í því skyni, ef þörf krefur. Rusl sem hefur fokið skal urða á sama stað og annar úrgangur er urðaður.
- 3.5 Opin fráveita skal vera umhverfis allt urðunarsvæðið og einnig við þann hluta urðunarsvæðis sem er í notkun á hverjum tíma. Það svæði sem er í notkun skal vera að fullu frágengið með tilliti til botns og hliða. Með urðunarsvæði er átt við afmarkaða urðunarrein eða reinar.
- 3.6 Botn urðunarsvæðis skal hanna þannig og lagnir við það miðaðar að geta flutt frá svæðinu grunnvatn er kann að flæða um botn gryfjunnar svo og sigvatn úr urðunarreinum. Koma skal fyrir mælibrunnum til að unnt sé að fylgjast með grunnvatnshæð á urðunarsvæðinu.
- 3.7 Botn og hliðar urðunarstaðar skal þetta til að unnt sé að safna sigvatn og leiða það í hreinsivirki. Nota skal besta fánlega efni án þess að kostnaður við lagningu efnis verði óhóflegur. Þéttleiki botns- og hliðarefnis verði þó minnst 10^{-8} m/sek og þykkt > 1 m. Sé halli á hliðum urðunarreina minni en 70° gilda ákvæði um þéttingu einnig fyrir þær.
- 3.8 Safna skal sigvatni og leiða í hreinsivirki þar sem olía, fita, sýnilegir hlutir og agnir eru hreinsuð úr vatninu áður en því er veitt í fráveitu eða viðtaka.. Að öðru leyti gilda ákvæði reglugerðar nr. 796/1999 um mengun vatns og nr. 797/1999 um mengun grunnvatns fyrir frárennsli urðunarstaðarins.

- 3.9 Urðunarreinar skulu eftir fyllingu huldar jarðvegslagi eða lagi úr sambærilegu efni, minnst 100 cm. Endanlegur frágangur urðunarsvæðis, hugsanleg uppgræðsla og vöktun skulu gerð í samráði við Hollustuvernd ríkisins og eftirlitsaðila.
- 3.10 Heimilt er að starfrækja kerfi til að safna hauggasi sem myndast við rotnun lífrænna úrgangsefna.
- 3.11 Heimilt er, í samráði við eftirlitsaðila að gera tilraunir á urðunarsvæðinu með frekari meðhöndlun á flokkuðum lífrænum úrgangi til jarðvegs- og hauggasmyndunar, t.d. lífrænum heimilis- eða eldhúsúrgangi, seyru, salernisúrgangi, sláturúrgangi og húsdýrataði, sem og tilraunir á urðunarsvæðinu með úrvinnslu, meðhöndlun og endurvinnslu á öðrum úrgangi s.s. rafeindabúnaði, plasti, timbri og fleira þess háttar.
- 3.12 Verði vart við hrafnar eða meindýr á borð við rottur eða vargfuglar, skal sjá til þess að þau hafist ekki við eða taki sér bólfestu á urðunarstaðnum. Komi í ljós engu að síður að meindýr og fuglar haldi sig að jafnaði við urðunarstaðinn skal rekstraraðili breyta verklagsreglum varðandi útrýmingu og fælingu meindýra og fugla.
- 3.13 Móttaka á slátur-, kjötvinnslu- og fiskúrgangi svo og sjálfdaudu búféi á urðunarsvæðinu skál ávallt haga þannig að nægur tími sé til að urða þennan úrgang tryggilega áður en dagsverki lýkur. Um meðferð á þessum úrgangi gilda ákvæði reglugerðar nr. 660/2000 um meðferð og nýtingu á sláturúrgangi og dýraúrgangi, undir eftirliti viðkomandi héraðsdýralæknis. Leyfi til urðunar þessa úrgangs verður afturkallað sé ekki staðið við þessi ákvæði.
- 3.14 Á urðunarsvæðinu skal vera steipt plan þar sem hægt er að skoða nánar og flokka úrgang sem hefur sundrast í flutningi, eða er rangt merktur. Planið skal vera með lokaðri fráveitu. Stærð plansins miðast við að þar skuli vera hægt að taka á móti 10 m³ af úrgangi.

4. GÆÐAMARKMIÐ, MÆLINGAR OG EFTIRLIT

- 4.1 Hollustuvernd ríkisins hefur eftirlit með starfsemi rekstraraðila. Verði gert samkomulag um yfirtöku eftirlits samkvæmt 9. grein í reglugerð nr. 786/1999 um mengunarvarnaeftirlit, flyst það til viðkomandi heilbrigðisnefndar, undir yfirumsjón Hollustuverndar ríkisins.
- 4.2 Fullnægjandi aðstaða til sýnatöku og mælinga á sigvatni og í frárennsli, skal vera fyrir hendi til að unnt sé að fylgjast með virkni hreinsibúnaðar og þeirri mengun sem frá urðunarstaðnum kann að berast. Staðsetning og útfærsla sýnatökustaða skal vera samþykkt af Hollustuvernd ríkisins.
- 4.3 Við útrásir þar sem fráveituvatn er leitt í viðtaka sem ekki njóta sérstakrar verndar má hvergi vera:
- set eða útfellingar
 - þekjur af rotverum (bakteríur og sveppir)
 - olía eða froða
 - sorp eða aðrir aðskotahlutir

- efni sem veldur óþægilegri lykt, lit eða gruggi

4.4 Rekstraraðili skal kosta og ábyrgjast framkvæmd eftirfarandi mælinga á mengunarefnum í frárennsli urðunarstaðarinnar í landi Fíflholta og í viðtaka frárennslis, samkvæmt þessa grein og grein 4.3 og fá til þess aðila sem Hollustuvernd ríkisins samþykkir:

Mælistaðir: Sýnatökuaðstaða fyrir ofan og fyrir neðan hreinsivirki
Norðlækur
Mælibrunnur fyrir grunnvatn

Mæla skal í sýnatökubrunnum við hreinsivirkið:

stöðugt eða í lengri tíma á hverju ári: rennsli

2x á ári, að vori og að hausti: súrefnisþörf (COD), ammóníak (NH_4^+), leiðni, sýrustig (pH), hitastig, olía/fita.

1x á ári, að sumri: nítrat (NO_3^-), köfnunarefni (heildar-N), fosfór (heildar-P)

blý (Pb), kvikasilfur (Hg), kadmíum (Cd), lífræn halogensambönd (AOX)

1x á 4. ári starfsleyfis, að sumri: járn (Fe), króm (Cr), kopar (Cu), sink (Zn), arsen (As) og nikkell (Ni).

Mæla skal í Norðlæk:

1x á ári, að sumri: súrefnisþörf (BOD_5), ammóníak (NH_4^+), súrefni (O_2), leiðni, sýrustig (pH), hitastig

Á fjögurra ára fresti skal að auki mæla í seti eða jarðvegi í farvegi Norðlækjar fyrir ofan og fyrir neðan innrennsli fráveituvatns styrk þungmálma Pb, Cd og Hg, svo og AOX.

Mæla skal rennsli stöðugt, eða yfir þannig tímabil að það gefi fullnægjandi mynd af rennslishegðun læksins.

Mæla skal í mælibrunnum fyrir grunnvatn:

4x á ári, að vori, sumri, hausti og vetri: hæð á grunnvatni

Ef styrkur kvikasilfurs mælist meira en 0.03 mg/l, kadmíums meira en 0.05 mg/l og blýs meira en 0.1 mg/l í frárennsli urðunarstaðarins þarf að fjölga mælingum og meta síðan hvort aðgerða sé þörf, sbr. grein 3.2. reglugerðar nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun.

Tíðni mælinga og umfang þeirra skulu endurskoðuð, ef Sorpurðun Vesturlands h.f., Hollustuvernd ríkisins eða Heilbrigðiseftirlit Vesturlands telja ástæðu til. Mælingarnar verði framkvæmdar í samráði við eftirlitsaðila.

4.5 Rekstraraðili skal fylgjast með losun gass sem myndast við rotnun lífrænna úrgangsefna og athuga möguleika á söfnun þess með nýtingu í huga í samráði við Hollustuvernd ríkisins.

4.6 Takmarka skal hávaða frá starfsemi eftir því sem kostur er. Hávaði við lóðamörk skal ekki vera meiri en 70 dB(Leq). Ef um greinilega ríkjandi tón eða reglubundna hávaðatoppa er að ræða skal lækka hávaðamörkin um 5 dB (Leq). Að öðru leyti skal gætt ákvæða um varnir gegn hávaða, sbr 7. kafla mengunarvarnareglugerðar.

5. GJALDSKYLDA

Starfsemi rekstraraðila í landi Fíflholta er í fyrsta gjaldskrárflokki samkvæmt fylgiskjali 1 í reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun.

Rekstraraðili skal greiða Hollustuvernd ríkisins gjald samkvæmt gjaldskrá stofnunarinnar vegna útgáfu og kynningar á starfsleyfi þessu.

Rekstraraðila skal greiða eftirlitsgjald fyrir reglubundið eftirlit í samræmi við reglugerð nr. 786/1999 um mengunarvarnaeftirlit samkvæmt gjaldskrá eftirlitsaðila, eins og hún er hverju sinni. Gjald þetta skal standa undir kostnaði við eftirlit.

Fyrir eftirlit umfram reglubundið eftirlit, sbr. 5. mgr. 12. gr. reglugerðar 786/1999, skal greiða tímagjald skv. 1. gr. í gjaldskrá Hollustuverndar ríkisins fyrir útselda vinnu sérfræðinga stofnunarinnar, auk ferðakostnaðar.

6. GILDISTAKA

Starfsleyfi þetta er veitt til 10. ára í samræmi við ákvæði 20. gr. reglugerðar nr. 785/1999, samanber lög nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir og öðlast gildi við undirskrift.

Starfsleyfi þetta er gefið út á Sorpurðun Vesturlands h.f., kt. 530697-2829, vegna meðhöndlunar úrgangs og urðun úrgangsefna á urðunarsvæði hennar í landi Fíflholta, Borgarbyggð.

Bráðabirgðarákvæði.

Innan eins árs frá lögleiðingu urðunartilskipunar 31/1999/EB hér á landi ber rekstraraðila að semja og leggja fyrir Hollustuvernd ríkisins til samþykktar áætlun um breytingar á urðunarstaðnum, þar á meðal upplýsingar sem taka til þeirra atriða sem talin eru upp í 8. gr. tilskipunarinnar og sérhverjar aðgerðir til úrbóta sem rekstraraðili telur nauðsynlegar til þess að uppfylla þær kröfur, sem settar eru fram í tilskipuninni.

Að lokinni kynningu á breytingaráætluninni skal Hollustuvernd ríkisins taka endanlega ákvörðun um það hvort heimild sé að halda rekstri áfram á grundvelli fyrrgreindrar breytingaráætlunar og tilskipunarinnar. Á grundvelli samþykktu breytingaráætlunarinnar skal Hollustuvernd ríkisins heimila þá vinnu sem nauðsýnleg er og mæla fyrir um aðlögunartíma til að ljúka framkvæmd áætlunarinnar.

Reykjavík, 14. ágúst 2002

HOLLUSTUVERND RÍKISINS, Mengunarvarnarsvið

Davíð Egilson
Forstjóri

Helgi Jensson
Forstöðumaður mengunarvarnarsviðs